

Kópavogur 18.10.2023

Umsögn Þórarins Ævarssonar
um tillögu til þingsályktunar um þróunaráætlun um ræktun lyfjahamps og notkun Kannabislyfja í lækningaskini

154 Löggjafarþing 2023-2024, þingskjal 8 – 8 mál

Umsögn um þingsályktunartillögu um frá langverkjuðum einstakling

Ágætu móttakendur,

Höfundur þessa pistils er 58 ára gamall karlmaður. Ég hef aldrei notast við fíkniefni, reyki ekki né drekk. Ég hef átt afar góðu góðu gengi að fagna á löngum ferli mínum í allskonar stjórnunarstöðum, verið áberandi í viðskiptalífinu og í raun átt flekklausan feril, ef svo má segja.

Árið 2003 fyrir rúmum 20 árum varð ég fyrir því, að fá alvarlega heilablæðingu, en það sprakk hjá mér slagæðagúll í heila. Ég fór í aðgerð sem heppnaðist fullkomlega, nema hvað að frá því þetta gerðist hef ég verið að eiga við þráláta höfuðverki, sem því miður hafa verið að ágerast eftir því sem árin líða.

Á þessum rúmlega 20 árum hef ég farið í allar þær rannsóknir í öllum þeim tækjum og tólum sem læknisfræðin býður uppá, án þess að nokkur skýring hafi fundist á því hvað veldur þessum verkjum. Eins þá hef ég nýtt mér öll möguleg og ómöguleg úrræði læknisfræðinnar, frá lyfjamerðferðum og sjúkranuddi til dáleiðslu, nálástungna og Bótox sprauta, bara svo fátt eitt sé nefnt, án nokkurs árangur. Ég hef tekið þátt í rannsóknum á líftækni tilraunalyfjum og leitað til erlendra lækna, en allt kemur fyrir ekki.

Eftir því sem árin hafa liðið hefur líðan mín farið versnandi og var svo komið að verkjaköst sem áður tóku 2 – 3 vikur voru farin að standa yfir í 5 til 7 mánuði og er ég að tala um stöðugan óþolandi verk, jafnt á nóttu sem degi. Þetta ömurlega ástand varð á endanum til þess að ég þróaði með mér alvarlegt þunglyndi sem reyndist þegar til kastanna kom vera meðferðarþrátt, eða með öðrum orðum þá svaraði það ekki lyfjameðferð eða öðru, en um þriðjungur þeirra sem glíma við alvarlegt þunglyndi teljast vera meðferðarþráir.

Lengst af (fyrstu 18 árin) notaðist ég við lyfjakokteil sem samanstóð af fremur vægum ópíóðum og bólgueyðandi lyfjum, til að slá á verstu verkina, en eftir því sem verkirnir ágerðust og árin liðu, því minni varð virkni lyfjanna, þar til þau urðu á endanum algerlega gagnslaus.

Í ársbyrjun 2022 var mér ávísað annarsvegar Oxycontin og síðan sterkum Benzodiazepine lyfjum, sem teljast til rónandi lyfja. Því er skemmst frá að segja að það tók ekki nema 3 mánuði frá því inntaka þessa lyfja hófst þar til ég var búinn að missa alla stjórn á neyslunni og 5 mánuðum eftir að neyslan hófst þá var ég kominn á þannig stað að ég hugði mér ekki líf. Stöðugt verkjaður, með stanslausar sjálfsvígshugsanir, ósofinn svo vikum skipti. Uppfullur af skömm yfir að hafa brugðist, þegar raunin var sú að það eina sem hafði brugðist voru úrræði heilbrigðiskerfisins og ég var fórnarlamb aðstæðna. Hafandi sagt þetta, þá vil ég taka það skýrt fram að ég er ekki að kenna einstökum læknum sem ávísuðu sterkum verkjalyfjum á mig. Þessir aðilar voru búnir að reyna allt annað í verkfærakistunni og er vorkun að geta ekki boðið uppá betri lausnir.

Þarna var staðan orðin sú að ég með alla mína starfsorku og reynslu var orðinn óvinnufær og alls óhæfur að standa undir neinskonar kröfum, hvorki í einkalífi eða í starfi.

Það varð mér til bjargar að góður vinur minn, læknismenntaður, sem var upplýstur um ástandið á mér benti mér á að það væru til úrræði sem gætu gagnast mér, úrræði sem almennt eru ekki samþykkt hér á slóðum. Annarsvegar var um að ræða ofskynjunarefni, sem dugðu til að losa mig í einu vetvangi við bæði lífshættulega fíkn í alræmdustu og hættulegustu lyf sem nokkru sinni hafa komist á markaðinn og síðan altumlykjandi þunglyndið, em hvarf sem döggr fyrir sólu.

Verkurinn stóð hinsvegar eftir óhaggaður en það var með inntöku á olíu (RSO Oil), unninni úr Cannabis sem mér loks tókst að losna við hann. Magnið af þessari olíu er afar lítið, langt undir því að maður finni nokkur vímu áhrif og var það í raun kraftaverki líkast að finna verk sem hafði þá staðið yfir í 11 mánuði samfleytt gufa upp og það án þess að finna fyrir neinskonar sljóleika eða aukaverkunum. Kostnaðurinn á þessari ólöglegu kraftaverkaolíu mjög vel viðráðanlegur, eða um 500 kr á dag, sem er vel sloppið.

Mér þótti þetta svo merkilegt að ég ákvað að koma fram með sögu mína í byrjun þessa árs í þeirri von að vekja upp vitræna umræðu um gagnsemi þessa efna sem hafa svo lengi verið á bannlista, að mestu leiti að ósekju.

Það kom mér talsvert á óvart að upplifa það í kjölfar þess að ég kom fram með sögu mína hve margir höfðu við mig samband og höfðu frá svipuðu að segja, þ.e.a.s stór fjöldi miðaldra fólks af öllum stéttum sem mátti ekki vamm sitt vita, en var komið í sambærilega stöðu og ég vegna verkja. Er ég þá að tala um djúpstætt þunglyndi yfir svörtum framtíðarhorfum sínum og orðið háð þessum skelfilegu lyfjum sem eru að draga tugi Íslendinga til dauða árlega.

Hópur langverkjaðra er stór og hann ber harm sinn í hljóði. Verkir fara ekki í manngreiningarálit, en það má leiða líkur að því að langvinnir verkir kosti þjóðfélagið háar upphæðir á hverju ári, þar sem fólk missir vinnuþrek og endar jafnvel á snemmbúinni örorku, nú eða þá að það tekur þá örþrifaleið sem blasir við manni í vonlausu verkjaástandi að stytta líf sitt, en samkvæmt erlendum rannsóknum þá eru ómeðhöndlaðir langvinnir verkir meðal helstu ástæða þess að fólk fyrirfer sér.

Það að til séu efni fyrir á markaði sem geti linað þjáningar fólks án þess að draga það niður í hlydþýpi Ópíóðafíknar er eitthvað sem við sem samfélag getum ekki leitt hjá okkur. Allstaðar í

kringum okkur er verið að losa um reglurnar, enda verður ekki horft framhjá því að fólk er að ná raunverulegum bata, eða í það minnsta stórbættum lífsskilyrðum við inntöku þessa efna.

Frá síðustu áramótum hef ég hjálpað ótrúlegum fjölda fólks með því að beina þeim til aðila sem eru að sérhæfa sig í meðferð með ofskynjunarefnum og eins hef ég beint öðrum eins fjölda fólks til aðila sem eru að bjóða uppá lækningaafurðir úr cannabis, með það að markmiði að hjálpa þessu fólki, sem n.b hefur fullreynt þau úrræði sem standa til boða á löglegan hátt.

Lögreglan gerði rassíu fyrr á þessu ári þar sem cannabisræktun var víða stöðvuð og varð þetta til þess að það myndaðist mikill skortur á cannabistengdum vörum. Afleiðingarnar fyrir mig urðu þær að ég gat ekki nálgast RSO olíuna góðu. Verkurinn minn kom aftur með fullum þunga og rúmlega það með tilheyrandi ömurð og fór fyrri hluti þessa árs í hálfgera afplánun. Þá má leiða líkur á því að þeir sem annars sóttu í cannabis, vímunnar vegna, en fengu það ekki vegna skorts hafi leitað í önnur efni og þar megi að hluta til finna skýringar á fjölda dauðsfalla fyrr á árinu, þar sem sterkir opíóðar koma við sögu. Þarna er verið að ráðast á og útiloka eitt mildasta fikniefni sem fyrir er á markaðnum og ýta þeim sem eru í neyslu yfir í mun sterkari efni

Ég hef heyrt þeim rökum fleygt að það sé ekki hægt að losa um þessi mál hér á Íslandi á undan öðrum löndum í kringum okkur og talað um að þetta þurfi að gerast samtímis um alla Evrópu, svo vel fari. Ég blæs á þau rök og bendi á að í USA þá voru það 2 fylki af rúmlega 50 sem riðu á vaðið og gekk það þrautalítið fyrir sig. Nú 10 árum síðar eru 25 fylki búin að afgangavæða neysluna og opna fyrir almenna sölu og líkur á að fleiri fylgi í kjölfarið á næstu árum. Þá er vitað að Þýskaland er að fara að létta á öllum reglum varðandi framleiðslu, kaup og sölu á cannabis og tengdum vörum, en þeir eru umkrýndir löndum með harðari löggjöf.

Eftir að hafa loks uppgötvað þessa frábæru virkni cannabis olíunnar og verið í þeirri nóturlegu stöðu að geta borið saman kosti og galla þessa ólöglega efnis við þau úrræði sem mér standa löglega til boða þá á ég mér ekki annars úrkosta en að láta í mér heyra. Langvinnir verkir fóru nærri því að kosta mig lífið, en agnarögn af hættulausri olíu tekin inn rétt fyrir svefninn færði mér það aftur.

Það getur ekki verið að nokkur sómakær þingmaður, sama hvar hann stendur á pólitíska litrófinu, geti sett sig í þá stöðu að setja sig á móti því að fólk sem er að burðast með ömurlega verki árið um kring fái bót sinna mála með nýtingu á náttúruafurð sem getur þar fyrir utan skapað atvinnu og velsæld.

Ég hvet ykkur til að veita þessu máli brautargengi, enda vandséð hvað mæli þessu mót.

Virðingarfyllt,

Þórarinn H. Ævarsson áhugamaður um bættu geðheilsu og lífsskilyrði almennt